

## REGLUGERÐ

### um (5.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar.

#### 1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1294/2005 frá 5. ágúst 2005 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1318/2005 frá 11. ágúst 2005 sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2006, frá 23. september 2006 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1567/2005 frá 20. september 2005, sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2006, frá 11. mars 2006 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1916/2005 frá 24. nóvember 2005, sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2006, frá 23. september 2006, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

#### 2. gr.

Ofangreindar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar og ráðsins eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

#### 3. gr.

Í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1567/2005 komi dagsetningin „31. desember 2006“ í stað „31. desember 2005“ í a-lið 6. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 74/2002.

#### 4. gr.

Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1318/2005 verða eftirfarandi viðbætur og breytingar við reglugerð nr. 74/2002:

- Viðbætur í töfluna í A-hluta „Áburðarefni og jarðvegsnæring“ í viðauka II á eftir „kalkleðja úr sykurhreinunarstöðvum“:

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu og notkunarskilyrði
Kalkleðja úr vakúmsaltframleiðslu	Aukaafurð framleiðslu á vakúmsalti úr saltvatni sem finnst í fjöllum  Eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald viðurkenni nauðsyn afurðarinnar

- Breytingar á tölulið 1 í kaflanum „Plöntuvarnarefni“ í B-hluta „varnarefni“ í viðauka II:
  - í stað færslu um „Etýlen“ í töflu IV, „Önnur efni sem hefðbundin notkun er fyrir í lífrænum búskap“, komi eftirfarandi:

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu og notkunarskilyrði
Etýlen	Proskun banana, kívís og kakís; framköllun blómgunar á ananas  Þörfin viðurkennd af eftirlitsaðila eða -yfirvöldum

b) eftirfarandi tafla V. bætist við:

V. Önnur efni.

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu og notkunarskilyrði
Kalsíumhýdroxíð	Sveppaeyðir  Aðeins í aldintrjám, þ.m.t. í gróðrarstöðvum, til varnar gegn <i>nectria galligena</i>

#### 5. gr.

Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1916/2005 verður eftirfarandi breyting á tölulið 1.2 í D-hluta, II. viðauka við reglugerð nr. 74/2002:

1.2. Vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með samsvarandi verkun.

Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Vítamín sem eru leyfð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003:

- vítamín sem eru unnin úr náttúrulegum hráefnum í fôðurefnum,
- tilbúin vítamín sem eru eins og náttúruleg vítamín fyrir einmaga dýr,
- tilbúin A-, D- og E-vítamín sem eru eins og náttúruleg vítamín fyrir jörturdýr, að fengnu leyfi lögbærs yfirvalds aðildarríkisins.

#### 6. gr.

Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1294/2005 verða eftirfarandi breytingar á tölulið 4.8 í B-hluta, I. viðauka við reglugerð nr. 74/2002:

Þrátt fyrir ákvæði liðar 4.2 er heimilt að leyfa notkun takmarkaðs hlutfalls hefðbundins fôðurs úr landbúnaði ef bændur geta sýnt eftirlitsaðila eða -yfirvaldi aðildarríkisins fram á að þeir hafi ekki tök á að afla fôðurs eingöngu frá lífrænni framleiðslu. Mesta leyfilega hlutfall hefðbundins fôðurs á hverju 12 mánaða tímabili er:

- a) fyrir grasbíta: 5% á tímabilinu 25. ágúst 2005 til 31. desember 2007,
- b) fyrir aðrar tegundir:
  - 15% á tímabilinu 25. ágúst 2005 til 31. desember 2007,
  - 10% á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2009,
  - 5% á tímabilinu 1. janúar 2010 til 31. desember 2011.

Þessar tölur skal reikna árlega sem hundraðshluta af þurrefni fôðurs úr landbúnaði. Mesta leyfilega hlutfall hefðbundins fôðurs í daglegum skammti, utan þess tíma sem dýr fara árlega milli bithaga, skal vera 25%, reiknað sem hundraðshluti þurrefnis.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. laga nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 7. janúar 2008.*

**Einar K. Guðfinnsson.**

---

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal 1.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1294/2005**

frá 5. ágúst 2005

**um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt meginreglunum um lífræna framleiðslu á býlum, sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91, skal búfé alið á lífrænt framleiddu fœðri. Á aðlögunartímabili, sem rennur út 24. ágúst 2005, er bændum heimilt að nota takmarkað hlutfall hefðbundins fœðurs ef þeir geta sýnt fram á að lífrænt fœður sé ófáanlegt.
- 2) Svo virðist sem ekki muni verða til nægilegt magn til að fullnægja þörf fyrir lífræn fœðurefni í Bandalaginu eftir 24. ágúst 2005, einkum að því er varðar prótínrik fœðurefni sem þarf til að viðhalda framleiðslu fyrir einmaga dýr og, í minna mæli, fyrir jörturdýr.

3) Nauðsynlegt er því að framlengja það aðlögunartímabil þegar leyfa má notkun hefðbundins fœðurs.

4) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar eru brýnar þar eð ákvæðið um notkun hefðbundins fœðurs rennur út 24. ágúst 2005 og því skal þessi reglugerð öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 25. ágúst 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. ágúst 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Mariann FISCHER BOEL

*framkvæmdastjóri.*

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2254/2004 (Stjtið. ESB L 385, 29.12.2004, bls. 20).

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

Í stað liðar 4.8 komi eftirfarandi:

„Þrátt fyrir ákvæði liðar 4.2 er heimilt að leyfa notkun takmarkaðs hlutfalls hefðbundins fódurs úr landbúnaði ef bændur geta sýnt eftirlitsaðila eða -yfirvaldi aðildarríkisins fram á að þeir hafi ekki tök á að afla fódurs eingöngu frá lífrænni framleiðslu.

Mesta leyfilega hlutfall hefðbundins fódurs á hverju 12 mánaða tímabili er:

- a) fyrir grasbíta: 5% á tímabilinu 25. ágúst 2005 til 31. desember 2007,
- b) fyrir aðrar tegundir:
  - 15% á tímabilinu 25. ágúst 2005 til 31. desember 2007,
  - 10% á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2009,
  - 5% á tímabilinu 1. janúar 2010 til 31. desember 2011.

Þessar tölur skal reikna árlega sem hundraðshluta af þurrefni fódurs úr landbúnaði. Mesta leyfilega hlutfall hefðbundins fódurs í daglegum skammti, utan þess tíma sem dýr fara árlega milli bithaga, skal vera 25%, reiknað sem hundraðshluti þurrefnis.“

---

**Fylgiskjal 2.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1318/2005**

frá 11. ágúst 2005

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(1)</sup>, einkum öðrum undirlið 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, hafa tiltekin aðildarríki, frá því 2002, lagt fram upplýsingar í því skyni að bæta tilteknum afurðum við í II. viðauka við reglugerðina.
- 2) Kalkleðja, aukaafurð sem fellur til við framleiðslu á vakúmsalti úr saltvatni sem finnst í fjöllum, er talin afar mikilvæg fyrir sérstakar jarðvegsbætur og næringarþarfir í sumum aðildarríkjum og sýnt hefur verið fram á að hún hafi engin skaðleg áhrif á umhverfið.
- 3) Sýnt hefur verið fram á að kalsíumhýdroxíð sé afar mikilvægt við varnir gegn sveppasjúkdómum í aldin-trjám í ákveðnu loftslagi. Erfitt er að koma við vörnum gegn þessum sjúkdómum í lífrænni framleiðslu og þær krefjast notkunar kopars, en draga má úr notkun hans með hjálp kalsíumhýdroxíðs.

- 4) Etylen er þegar skráð í B-hluta II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 sem efni sem hefð er fyrir að nota í lífrænum búskap. Rétt er að bæta við notkunarskilyrði efnisins til að þau nái yfir, auk banana, tilgreinda aðra ávexti þar sem etylen er nauðsynlegt við framleiðsluna.
- 5) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. ágúst 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Mariann FISCHER BOEL

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2254/2004 (Stjótt. ESB L 385, 29.12.2004, bls. 20).

## VIDAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt sem hér segir:

1. eftirfarandi bætist við í töfluna í A-hluta „Áburðarefni og jarðvegsnæring“ á eftir „kalkleðja úr sykurframleiðslu“:

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu og notkunarskilyrði
„Kalkleðja úr vakúmsaltframleiðslu	Aukaafurð framleiðslu á vakúmsalti úr saltvatni sem finnst í fjöllum  Eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald viðurkenni nauðsyn afurðarinnar“

2. eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið „Plöntuvarnarefni“ í B-hluta „Varnarefni“:

- a) í stað færslu um „etylén“ í töflu IV, „Önnur efni sem hefð er fyrir að nota í lifrænum búskap“, komi eftirfarandi:

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu og notkunarskilyrði
„(*) „(*) Etylen	Þroskun banana, kívís og kakís; framköllun blómgunar á ananas  Þörfin viðurkennd af eftirlitsaðila eða -yfirvöldum.“

- b) eftirfarandi tafla V bætist við:

„V. „Önnur efni

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu og notkunarskilyrði
Kalsíumhýdroxíð	Sveppaeyðir  Aðeins í aldintrjám, þ.m.t. í gróðrarstöðvum, til varnar gegn <i>nectria galligena</i> “

**Fylgiskjal 3.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1567/2005**

frá 20. september 2005

**um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt a-lið 6. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 <sup>(1)</sup> geta lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum veitt heimildir til að markaðssetja vörur sem fluttar eru inn frá þriðja landi, sem ekki er að finna í listanum sem um getur í a-lið 1. mgr. þeirrar greinar, til 31. desember 2005.
- 2) Í orðsendingu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins 10. júní 2004 varðandi aðgerðaáætlun ESB um lífrænt framleidd matvæli og lífrænan búskap tilkynnti framkvæmdastjórnin að hún mundi leggja til að reglugerð (EBE) nr. 2092/91 verði breytt þannig að í stað gildandi innlendra undanþága vegna innflutnings komi nýtt, varanlegt kerfi, byggt á tæknilegu jafngildismati aðila sem framkvæmdastjórnin felur það verkefni.

3) Nauðsynlegt er að ætla nægan tíma til að þróa þetta nýja, varanlega kerfi og koma því á.

4) Þangað til ber að forðast óþarfa röskun á viðskiptum með lífrænt framleiddar vörur og því eru núverandi aðlögunarráðstafanir framlengdar um eitt ár.

5) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í a-lið 6. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 komi dagsetningin „31. desember 2006“ í stað „31. desember 2005“.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. september 2005.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. BECKETT

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1336/2005 (Stjótt. ESB L 211, 13.8.2005, bls. 11).



**Fylgiskjal 4.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1916/2005**

frá 24. nóvember 2005

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er heimiluð notkun tilbúinna A-, D- og E-vítamína fyrir jörturdýr á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2005.
- 2) Þar eð vænta má að svæðisbundins munar á möguleikum jörturdýra í lífrænum búskap á að afla sér nauðsynlegra vítamína A, D og E úr fæðurskömmtum gæti áfram vegna loftslags og aðgengilegra fæðurgjafa skal leyfa

notkun fyrrgreindra tilbúinna vítamína fyrir jörturdýr eftir þann dag.

- 3) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. nóvember 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Mariann FISCHER BOEL

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjóð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1567/2005 (Stjóð. ESB L 252, 28.9.2005, bls. 1).

*VIÐAUKI*

Efirlifrandi komi í stað liðar 1.2 í D-hluta II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

„1.2. Vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með samsvarandi verkun. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Vítamín sem eru leyfð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 (\*):

- vítamín sem eru unnin úr náttúrulegum hráefnum í fôðurefnum,
- tilbúin vítamín sem eru eins og náttúruleg vítamín fyrir einmaga dýr,
- tilbúin A-, D- og E-vítamín sem eru eins og náttúruleg vítamín fyrir jörturdýr, að fengnu leyfi lögbærs yfirvalds aðildarríkisins.

(\*) Sjáttíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.“